



Þriðji fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2022 - 2023 haldinn 31.01.2023

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson

Fundaritari: Margrét Sverrisdóttir.

Mættir:

Stjórnendur: Margrét Sverrisdóttir og Valdimar Víðisson.

Fulltrúar foreldra: ~~Pétur Markan~~ og Ragnar Guðmundsson.

Fulltrúar starfsmanna: Anna Sveinsdóttir, Ásdís Reykdal Jónsdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.

Fulltrú grendarsamfélagsins: ~~Snædís Ögn Flosadóttir~~.

Fulltrúar nemenda: Adam E. Níelsson og Embla G. Arnarsdóttir.

1. SAFT fræðsla. Fengum fræðslu um net og netöryggi fyrir nemendur á unglingastigi. Á næstu dögum fáum við svo fræðslu fyrir 9.b. um lög og reglugerðir er snúa að persónuvernd og því sem sett er á netið.
 - a. Lögfræðingur kemur inn í 9. bekkinn til að ræða persónuvernd og ábyrgð. Fer yfir lög og reglugerðir.
2. Kynfræðsla og kynvitund. Skólastjóri sagði frá þeirri metnaðarfullu vinnu sem er í gangi í Öldutúnsskóla og einnig á vegum Hafnarfjarðarbæjar.
 - a. Anna Sveins segir frá hvað teymið er að gera. Námskrá í smíðum fyrir nemendur í 1. – 10. bekk.
 - b. Verið er að skipuleggja viku sex. Búið er að vinna pakka sem kennarar geta nýtt sér. Þemað í ár kynferðisleg hegðun.
 - c. Einnig teymi á vegum Hafnarfjarðarbæjar.
 - d. Vantar fræðslu fyrir kennara. Hvar á fræðslan heima í unglingadeild?
 - e. Nemendur telja að kynfræðsla sé afar mikilvæg og þarf að vera markviss.
 - f. Kemur einnig inn á forvarnir.
3. Námsamtöl verða nemendastýrð. Aðstoðarskólastjóri sagði frá þeirri hugmyndafræði sem býr að baki nemendastýrðum námsamtölum.
4. Skólapúlsinn. Það sem við höfum sérstaklega áhyggjur af. Skólastjóri sagði frá því að vellíðan barna kemur ekki vel út almennt á landinu. Sérstaklega virðist stelpum líða verr. Við þessu þarf að bregðast og það sem við ætlum m.a. að gera er að fá inn verkefni „Vertu næs“ fyrir stúlkur á unglingastigi. Um er að ræða verkefni á vegum Háskólans á Akureyri þar sem markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi góðra samskipta, að vilja rækta heilbrigð samskipti og að líta í eigin barm og taka ábyrgð á sjálfum sér.
 - a. Umræðan skapast í 10. bekk núna. Minna stress meðal nemenda þegar ípad er ekki. Meiri pressa þegar ípadinn er. Meira áreiti þegar ípadarnir eru í kennslunni.
 - b. Laga þarf orðræðuna. Aðstoða nemendur að setja öðrum mörk.
5. Skólaþing.
 - a. Verður í upphafi þemadaga hjá unglingum.
 - b. Skólaráð er með annan vettvang þar sem rætt er m.a. um stefnur skólans.
6. Önnur mál.
 - a. Endurreisn foreldrasamstarfs eftir covid í samstarfi við Heimili og skóla. Efla á samstarf við foreldra enn frekar.

b. Á næsta fundi er skóladagatalið til umræðu. Þarf að samþykkja það.

Fundi slitið klukkan 9:00
Margrét Sverrisdóttir